

## LÖG

### um Tækniþróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

*Hlutverk.*

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Fagleg umsýsla Tækniþróunarsjóðs skal falin óháðum aðila samkvæmt samningi.

Hlutverk Tækniþróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóði er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs með því að:

- a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla, fyrirtæki og erlenda sjóði,
- b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja,
- c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuvega, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
- d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
- e. greiða kostnað við greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

2. gr.

*Tekjur.*

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:

- a. fjárveitingar í fjárlögum,
- b. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
- c. önnur framlög.

3. gr.

*Stjórn.*

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sex menn sem ráðherra skipar til tveggja ára, þ.m.t. formaður og varaformaður. Stjórnarmönnum er einungis heimilt að sitja tvö tímabil í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, einn sem tilnefndur er af ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins og ráðherra skipar einn án tilnefningar.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ráðherra velur formann og varaformann sjóðstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

4. gr.

*Hlutverk stjórnar og fagráða.*

Stjórn Tækniþróunarsjóðs ákveður áherslur sjóðsins samkvæmt skilgreindu hlutverki hans, sbr. 1. gr. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar til tveggja ára í senn. Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði. Jafnframt eru fagráðin ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess eftir því sem óskað er.

Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir. Þeir sem skipaðir eru í fagráð skulu hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Þeir skulu hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Í alþjóðlegum samstarfsverkefnum rannsókn- og þróunarsjóða er heimilt að byggja á niðurstöðum fagráða sem skipuð eru af samstarfsaðilum.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Tækniþróunarsjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Kostnaður við mat á umsóknum og rekstur Tækniþróunarsjóðs skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Tækniþróunarsjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

5. gr.

*Úthlutunarreglur.*

Úthlutunarstefna Tækniþróunarsjóðs skal fylgja áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

6. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi og rekstur Tækniþróunarsjóðs og framkvæmd laga þessara.

7. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.

8. gr.

*Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003: Í stað orðanna „12. gr. laga nr. 75/2007“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 3. gr. laga um Tækniþróunarsjóð.

*Gjört á Bessastöðum, 23. apríl 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.*